



# Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.  
Íslensk þýðing: Sigrún Einarsdóttir - [www.torah.is](http://www.torah.is)  
Birt með leyfi höfundar - [www.m7000.com](http://www.m7000.com)

## 7. þáttur af 18

Skjámynd:

Galatabréfið 1.2 ...og allir bræðurnir, sem með mér eru í söfnuðunum („kirkjunum“) í Galatalandi.

## Söfnuður

Hvað er söfnuður eða „kirkja?“

**Postulasagan 7.38** Hann er sá, sem var í söfnuðinum í eyðimörkinni, með englinum, er við hann talaði á Sínaifjalli, og með feðrum vorum. Hann tók á móti lifandi orðum að gefa oss.

1. Tímóteusarbréf 3.14-15 Þetta *rita* ég þér, þó að ég voni að koma bráðum til þín, til þess að þú skulir vita, ef mér seinkar, hvernig á að haga sér í húsi Elóhíms, sem er söfnuður lifanda Elóhíms, stólpi og grundvöllur sannleikans.

Sálmur 119.142 Réttlæti þitt er eilíft og lögmál (Torah) þitt trúfesti (sannleikur).

### Skjámynd:

Galatabréfið 1.2 ...og allir bræðurnir, sem með mér eru í **söfnuðunum** („kirkjunum“) í **Galatalandi**.

Gríska: Galatia

Arameíska: Galatya

Hebreska: Galut (hernám/útleið - Jer. 28.4)

Latneska: Gaul

### Skjámynd:

Galatabréfið 1.5-6 ...samkvæmt **vilja Elóhíms** vors og föður. Honum sé dýrð um aldir alda, amen. Mig furðar, að þér hafið svo fljótt gleymt **Messíasi**, sem kallaði yður til náðar sinnar og snúið til annars konar fagnaðarerindis...

Jóh. 6.38 Ég er stígninn niður af himni, ekki til að gjöra vilja minn, heldur vilja þess, er sendi mig.

Jesaja 55.10-11 Því eins og regn og snjór fellur af himni ofan... eins er því farið með mitt orð, það er útgengur af mínum munni: Það hverfur ekki aftur til mín við svo búið, eigi fyrr en það hefir framkvæmt það, sem mér vel líkar, og *komið því til vegar*, er ég fól því að framkvæma.

Jóh. 1.14 Og Orðið varð hold, hann bjó með oss...

Opinberunarbókin 19.13 ...nafn hans er: Orðið Elóhíms.

### Skjámynd:

Galatabréfið 1.5 ...samkvæmt vilja Elóhíms vors og föður. Honum sé dýrð um aldir alda, amen. Mig furðar, að þér hafið svo fljótt gleymt Messíasi, sem kallaði yður til **náðar sinnar** og snúið til annars konar fagnaðarerindis...

Orðskv. 4.1-9 (stytt) ...Hún (viska himnesku boðanna) mun setja yndislegan sveig á höfuð þér, sæma þig prýðilegri kórónu.

Jesaja 11.1-2 Yfir honum mun hvíla andi YHWH: Andi vísdóms og skilnings...

Jóh. 1.17 Lögmálið (Torah) var gefið fyrir Móse, náð og jafnvel sannleikurinn rættist í gegnum Yeshua.

### Skjámynd:

**Galatabréfið 1.5-6** ...samkvæmt vilja Elóhíms vors og föður. Honum sé dýrð um aldir alda, amen. Mig furðar, að þér hafið svo fljótt gleymt Messíasi, sem kallaði yður til **náðar sinnar** og snúið til **annars konar fagnaðarerindis...**

YHWH sagði: Með því að þessi lýður nálgast mig með munni sínum og heiðrar mig með vörum sínum, en fjarlægir hjarta sitt langt í burt frá mér, og með því að ótti þeirra fyrir mér er manna boðorð, lærð utan bókar.  
(Jes. 29.13; Matt. 15.7)

### Skjámynd:

**Galatabréfið 1.8-9** En þótt jafnvel vér eða engill frá himni færi að boða yður **annað fagnaðarerindi en það, sem vér höfum boðað yður,** þá sé hann bölvæður. Eins og vér höfum áður sagt, eins segi ég nú aftur: Ef nokkur boðar yður **annað fagnaðarerindi en það, sem þér hafið veitt viðtöku,** þá **sé hann bölvæður.**

Markúsarguðspjall 12.29-31 (Fræðimaður segir við Yeshua): "Hvert er æðst allra boðorða?" Yeshua svaraði: "Æðst er þetta: 'Heyr, Ísrael! YHWH, Elóhím vor, hann er einn og þú skalt elska YHWH, Elóhím þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum huga þínum og öllum mætti þínum.' Annað er þetta: 'Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.' Ekkert boðorð annað er þessum meira.

Bölvæður er sá, sem eigi heldur í gildi orðum þessa lögmáls (Torah) með því að breyta eftir þeim! Og allur lýðurinn skal segja: Amen( 5. Mós. 27.26.)

## Framhald í næsta þætti...

### Taktu frá þrjú kvöld í júní 2010 (14. 15. og 16. júní)

Þá verður Avi ben Mordechai á Íslandi og verður með spennandi fyrirlestra.